



RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRSLA 2003

**SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR UM STARFSEMINA
STARFSÁRIÐ FRÁ APRÍL 2003 _ APRÍL 2004.**

Miðstjórn RSÍ kosin á 15. þingi RSÍ 2003

Framkvæmdastjórn:

Formaður: Guðmundur Gunnarsson
Varaformaður Helgi Jónsson
Ritari: Haukur Ágústsson
Gjaldkeri: Rúnar Bachmann
Meðstj. Einar Gústafsson

Sett var inn sérákvæði í lög sambandsins um að á yfirstandandi kjörtímabili myndi starfa með gjaldkera varagjaldkeri, sakir þess að gjaldkeri hyggst hætta. Varagjaldkeri var kjörinn Björn Ágúst Sigurjónsson. Á 15. þingi var lögum sambandsins breytt þannig að nú er gert ráð fyrir að hluti miðstjórnar myndi framkvæmdastjórn, í henni sitja formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri. Miðstjórn velur síðan einn úr sínum röðum í framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn hafði verið sett á laggimar af miðstjórn á síðasta kjörtímabili sem var staðfest af sambandsstjórn. Framkvæmdastjórn undirbýr mál fyrir miðstjórn og hefur takmarkaða heimild til starfa og hún þarf að fá ákvarðanir sínar staðfestar í miðstjórn.

Aðalmenn miðstjórn	Varamenn
Andri Jóhannesson FRV	Borgþór Hjörvarsson FÍR
Anna Melsted FTR	Brynjar Hermannsson RFN
Anna Nína Stefnisdóttir FÍS	Eyjólfur Ólafsson RFV
Arnar Guðlaugsson FNÍR	Hafliði Sívertsen FTR
Björn Ágúst Sigurjónsson FÍR	Helgi Þorvaldsson FÍR
Einar Kristinsson FSK	Hörður Bragason FNÍR
Frosti Frostason FÍR	Jóhann Bjarnason FRS
Georg Georgsson RFS	Jón Aðalsteinsson FÍS
Jens Ragnarsson FÍR	Sigurður Ingi Hauksson FRV
Oddur Sigurðsson FRV	Sighvatur D Sighvatsson FSS
Ómar Baldursson FRS	Sigurjón Ingvarsson FÍR
Sigurgeir Ólafsson FSS	Stefán Sveinsson FÍR
Sigurður Sigurðsson FÍR	Valtýr Guðbrandsson RFS

Sambandstjórn

Aðalmenn	Varamenn
Anna Kr. Arnardóttir FRV	Björn Júlíusson FÍS
Arngrímur Magnússon FÍR	Björn Eysteinnsson FRV
Bjarni Harðarson FÍS	Brynjar Svansson FÍR
Einar Jón Ólafsson FRV	Guðjón Ingi Jónsson FÍR
Elmer H. Elmers FÍR	Haraldur Arnbjörnsson RFS
Haraldur Jónsson FÍR	Helgi Helgason FÍR
Ísleifur Tómasson FÍR	Hilmar Friðrik Árnason FNÍR
Júlía B. Þórðardóttir FÍR	Ingi Hauksson RFN
Snorri Jónsson FNÍR	Jón Pétursson FSK
Magni B. Sveinsson FÍR	Jónas Þ. Sigurgeirsson FÍR
Sigurður Ólafsson RFN	Kristbjörn Hjalti Tómasson FSS
Sveinn Kjartansson FTR	Sigurður Karlsson FÍR
Viðar Már Þorsteinsson FSS	Þórður Bachmann FÍR
Þorsteinn Helgason RFS	Þorvaldur Þorvaldsson FRS
Þór Ottesen FÍR	

Starfsnefndir miðstjórnar :

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga : Bjarni Sigfússon

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Bjarni Sigfússon, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson til vara Stefán Ó Guðmundsson.

Launanefnd RSÍ : Helgi Jónsson, Rúnar Bachmann, Andri Jóhannesson og Björn Ágúst Sigurjónsson.

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ : Einar Jón Ólafsson, Einar Gústafsson, Bára Halldórsdóttir og Rúnar Bachmann. Varamenn: Guðmundur Gunnarsson og Helgi Jónsson.

Orlofsnefnd RSÍ : Björn Ágúst Sigurjónsson, Jón Aðalsteinsson, Sigurður Ingi Hauksson og Sigurður Lúther Björgvinsson. Varamaður: Borgþór Hjörvarsson.

Golfnefnd : Garðar Arnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með þeim starfar Stefán Ó. Guðmundsson.

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Ísleifur Tómasson, Einar Jón Ólafsson og Guðrún Guðmundsdóttir.

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Þorvarður Hjaltason.

Skoðunarmenn: Bára Halldórsdóttir Grétar Guðmundsson. Til vara. Sigurður L. Björgvinsson

Stjórnarnemendur Lífiðnar kosnir til tveggja ára á 15. þingi RSÍ 2003:

Þórir Hermannsson aðalmaður Erlingur Tómasson varamaður. Sitjandi til næsta sambandstjórnafundar eru Haraldur Jónsson og Sigurður Sigurðsson varamaður

Skoðunarmenn Lífiðnar: Sigurður Steinarsson aðalmaður FÍR. Guðmundur Lýðsson varamaður FRS

Stjórnir aðildarfélaga

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja : Björn Ágúst Sigurjónsson form., Stefán Sveinsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Ísleifur Tómasson, Helgi Þorvaldsson og Sigurjón Ingvarsson

Stjórn Félags rafeindavirkja : Oddur Sigurðsson form., Andri Jóhannesson varaform., Davíð E. Sigmundsson ritari, Haukur Ágústsson gjaldkeri, Þórunn S. Jónsdóttir, Eyjólfur Ólafsson, Björn Eysteinnsson meðstjórnendur. Sigurður I Hauksson, Svanur Þorsteinsson og Örn Kristinsson varamenn.

Félag íslenskra símamanna : Einar Gústafsson form. Jón Aðalsteinsson varaform., Anna Nína Stefnisdóttir ritari, Halldóra Guðmundsdóttir gjaldk., Björn Júlíusson meðstj. Einar Matthíasson, Hildur B Hannesdóttir, Bjarni Harðarson og Hafsteinn Ö. Guðmundsson varastj.

Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldkeri Vigfús Ingi Hauksson meðstjórnandi. Sigurður Hjaltason og Aðalgeir Hallgrímsson varastj.

Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birkir Pálsson gjaldkeri, Birgir Sigurjónsson meðstj., Óskar Ingi Böðvarsson og Helgi Guðmundsson varastjórn.

Stjórn Rafiðnaðarfélags Suðurnesja : Georg G. Georgsson form., Valtýr Guðbrandsson varaf., Þorsteinn Helgasson gjaldk, Haraldur Arnbjörnsson ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.

Stjórn Félags sýningars tjóra við kvikmyndahús : Jón Pétursson form., Einar Ág. Kristinsson ritari, Þröstur Arnason gjaldk. Atli Már Sigurjónsson, Friðjón Guðmundsson meðstjórnendur.

Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði : Anna Melsted form. Hafliði Sívertsen varaform., Sveinn Kjartansson, Þorsteinn Úlfar Björnss, Ingvar Jónss. meðstjórn. Gunnlaugur Snædal og Jan Murtooma varam.

Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Sigurður L Björgvinsson varaform., Kristbjörn Hjalti Tómass ritari, Sighvatur D Sighvatss gjaldk., Guðm. Gíslas. og Sigurbjörn Eiríkss meðstj.

Stjórn Félags nema í rafiðnum : Arnar Guðlaugsson form., Snorri Jónsson varaform., Hannes Páll Þórðarson ritari, Hilmar Friðrik Arnason gjaldkeri. Brynja Guðmundsdóttir, Hörður Bragason og Ingvar Örn Ólason meðstjórnendur. Ingvar Örn Ólason, Kristján Örn Kristjánsson og Magnús Ásbjörnsson varamenn. Borgþór Hjörvarsson félagslegur endurskoðandi.

Mennta- og fræðslunefndir

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Sigurður Sigurðsson formaður, Einar Ragnarsson, Valdimar Gestsson,

Sveinsprófsnefnd veikstraum : Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson.

Menntasjóður rafiðnaðarsins : Einar Jón Ólafsson og Björn Ágúst Sigurjónsson. Varam. Sigurgeir Ólafsson

Eftirmenntunarn. veikstraumur, Rafeindavirkjar – Símsmiðir – Tæknifólk. **Aðalmenn** : Ólafur Ragnarsson, Sigurgeir Ólafsson, Sveinn Kjartansson Vala Dröfn Hauksdóttir. Varamenn : Davíð E. Sigmundsson Viðar Már Þorkelsson, Hafliði Sívertsen og Andri Jóhannsson

Eftirmenntunarn. sterkstraumur, Rafvirkjar- Rafvélavirkjar – Rafveituvirkjar. Aðalmenn : Bergsveinn Kristinsson, Georg Georgsson, Guðmundur Gunnarsson og Helgi Þorvaldsson. Varamenn : Stefán Ó. Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson, Rúnar Bachmann og Þorvaldur Þorvaldsson.

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans : Guðmundur Gunnarsson og Valgeir Jónasson

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins : Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins, aðalmenn : Sigurður L. Björgvinsson fagn. símsmiða, Þórunn Stefanía Jónsdóttir fagn. rafeindav., Helgi B. Þorvaldsson fagn. rafveituv. Varamenn Borgþór Hjörvarsson fagn. rafv. og rafvélav., Anna Melsted skólan. Rafiðnaðarsk., Guðfinnur Traustason skólan. Rafiðnaðarskólans

Nefndir á vegum ASÍ

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Björn Ág. Sigurjónsson

Lífeyrisnefnd ASÍ : Þórir Hermannsson, til vara Haraldur Jónsson

Alþjóðanefnd : Helgi Jónsson til vara Einar Jón Ólafsson

Atvinnumálanefnd : Einar Jón Ólafsson, til vara : Borgþór Hjörvarsson

Velferðarnefnd : Sigurgeir Ólafsson, til vara : Ómar Baldursson

Jafnréttis og fjölskyldunefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Jens Ragnarsson

Mennta og útbreiðslunefnd : Stefán Ó Guðmundsson, til vara : Andri Jóhannesson

Kjara og skattanefnd : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Georg Georgsson

Skipulags og starfsháttanefnd : Þór Ottesen, til vara : Anna Nína Stefnisdóttir

Vinnuréttar og vinnumarkaðsnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara : Oddur Sigurðsson

Stjórn Landssambands lífeyrissjóða : Þórir Hermannsson formaður

Stjórn Vinnueftirlitsins : Stefán Ó. Guðmundsson

Rannsóknarráð, menntamála : Rúnar Bachmann

Hollustuháttaráð, Umhverfissráðuneyti: Stefán Ó. Guðmundsson

Félagsdómur : Valgeir Jónasson til vara Bjarni Sigfússon

Starfsmenntaráð Félagsmálaráðuneytis : Guðmundur Gunnarsson

Stjórn Mímis : Einar Jón Ólafsson

Stjórn Félagsmálaskólans : Guðmundur Gunnarsson

Stjórn Furulundar og Einarstaða : Björn Ágúst Sigurjónsson.

Stjórn Ölfusborga : Ísleifur Tómasson.

Starfsemin

Í aðildarfélögum sambandsins voru 2002 og 2003 :

FÉLAG	Skattsk. . alls 2002	Þar af konur 2002	Greiðandi félagsm 2003	Þar af skattsk. alls 2003	Þar af konur 2003	Gjald frjálsir 2003	Félags menn alls 2003
Félag ísl. rafv.	1.297	7	1.492	1.326	6	60	1.552
Fél. rafeindav	733	22	775	775	20	4	834
Raf.fél. Norðurl.	147	0	161	161	0	4	175
Fél. raf.m. Suðurl.	99	0	101	101	0	5	113
Raf.fél. Suðurn.	77	0	98	91	1	4	102
Fél. tæknif. í raf.	313	58	415	330	55	3	418
Fél. sýn. v/kvik.h	30	1	36	30	1	0	36
Félag símsm.	198	8	214	204	8	0	214
Félag ísl. Símm.	667	420	857	720	428	148	1006
Fél. nema í raf.	228	4	264	205	2	0	264
Samtals	3.789	520	4485	3.943	521	228	4.714

Allar skráningar tölvukerfisins í félagakerfið hafa verið endurskoðaðar ítarlega undanfarna mánuði. Uppsetning þessarar töflu er öðruvísi en áður. Í dálkinum Greiðandi félagsmenn 2003 eru allir taldir sem greitt hafa til RSÍ einhvern hluta ársins. Í dálkinum Skattskyldir alls eru fullborgandi ásamt þeim sem hafa greitt hluta úr ári, en þeir sem hafa greitt hluta úr ári eru sameinaðir í fullborgandi. Dálkurinn Gjaldfrjálsir er nýr dálkur. Í því sambandi má t.d benda á það sem kom upp á síðasta ársfundi ASÍ, sum félög eru að gefa upp mikinn fjölda af gjaldfrjálsum og fá atkvæðisrétt vegna þess, sum félög voru með jafnvel upp að 30% sinna atkvæða vegna þessa. RSÍ ásamt fjölmörgum aðildarfélögum ASÍ hafa aldrei nýtt sér þetta. Sé litið til þeirra reglna sem sum félög innan ASÍ nota þá væru hér í þessum dálk margfalt fleiri. RSÍ lagði fram tillögur á ársfundinum að þessar reglur yrðu samræmdar, það var samþykkt þrátt fyrir að formaður Eflingar berðist hatrammlega gegn því með ákaflega einkennilegum aðdróttunum. Samtala dálkanna skattskyldir og gjaldfrjálsir er sú félagatala sem telur í ASÍ.

Miðstjórn

Miðstjórn kemur saman einu sinni í mán. yfir vetrarmánuðina og hafa verið haldnir 7 fundir það sem af er kjörtímabilsins. Fundargerðir miðstjórnar eru á heimasíðunni. Á vegum miðstjórnar starfa starfsnefndir. Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs og orlofsnefnd sinna umfangsmestu verkefnum. Rafiðnaðarsambandið er heildstætt starfsgreinasamband og hefur það fyrirkomulag marga augljósa kosti í för með sér, sérstaklega við skipulag starfsmenntunar í starfsgeiranum og eru á vegum miðstjórnar fjöldi nefnda sem sinna menntamálum í góðu samstarfi við SART. Öll aðildarfélög hafa framvísað samningsrétti til RSÍ og allir kjarasamningar rafiðnaðarmanna ganga þvert á aðildarfélög sambandsins.

Félagsfundir.

Utan aðalfunda aðildarfélaga fara flestir fundir fram á vegum RSÍ. Það gerir skipulag RSÍ, sameiginlegir kjarasamningar og sameiginlegur félagslegur rekstur. Frá útgáfu síðustu skýrslu fyrir 15. þingið hafa verið haldnir 12 félagsfundir í Reykjavík, Ísafirði, Sauðárkrók, Siglufirði, Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn, Vestmannaeyjum, Selfoss og Keflavík. Auk þess hafa verið haldnir nokkrir vinnustaðafundir. Minnkandi aðsókn er staðreynd sem öll félög horfast í augu við. Þar spilar vitanlega sterkt inn að samskipti félagsmanna við skrifstofuna og trúnaðarmenn eru mun meiri en áður var. Ekkert mál er nú að grípa upp GSM símann á vinnustaðnum eða á kaffistofunni og hringja og leita upplýsinga. Heimasíðan er alltaf með allar nýjustu upplýsingar. Þar er búið að svara

mörgum þeirra spurninga sem oftast er spurt um í dálkinum “Spurt og svarað”, en þangað er mikið leitað. Eins fær skrifstofan fleiri tugi fyrirspurna á hverri viku um tölvupóstinn.

Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar margþætt, lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en litið sé á það sem skyldu. Jöfn fjölgun hefur verið á félagsmönnum undanfarin ár.


Félagsmenn hafa aðgang að lögmönnum ASÍ og RSÍ. Sambandið er með samninga við Löggarð, Láru V. Júlíusdóttir og Lagalind

Starfsmenn RSÍ : Guðmundur Gunnarsson form. kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti. Þór Ottesen, umsjón skrifstofu, kjarasamningar, samskipti við vinnustaði og trúnaðarmenn. Einar Jón Ólafsson fjármálaumsýsla, kjarasamningar. Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, viðhald orlofshúsa. Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, styrktarsjóður umsjón orlofsleigu. Birna Birgisdóttir bókhald. Sæmundur Hrólfsson umsjón og eftirlit orlofshúsa, hlutastarf.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins : Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánu samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

Félagsgjaldið

Þakið árið 2002 var kr. 49.214 og var endurgreitt til félagsmanna tæplega 6 millj. kr á síðasta ári. Árið 2003 er það kr. 51.868. Árið 2004 er þakið kr. 54.657. Skil á félagsgjaldi til RSÍ er mjög gott. En nokkuð hefur borið á því að verktakar og aðrir hafi sótt í RSÍ vegna hagstæðra námskeiðsgjalda og góðra styrkja frá Styrktarsjóð. Settar hafa verið strangari reglur um inngöngu í sambandið.



Fjölskylduhátíð

Árleg fjölskylduhátíð RSÍ var að venju Jónsmessuhelgina á Skógarnesi orlofssvæði RSÍ við Apavatn. Félag tæknifólks tók að sér að sjá um hátíðina að þessu sinni. Veðrið lék við gesti og hátíðin tókst í alla staði frábærlega vel. Um tæplega 300 manns voru á svæðinu auk þess koma rafiðnaðarmenn sem voru í orlofshúsum í nágrenninu eins og t.d húsum sambandsins í Brekkuskóg. Margskonar leiktæki eru á svæðinu, til viðbótar var settur upp hoppkastali og trambolín og voru þau mikið notuð af fjölmörgum börnum sem voru á svæðinu. Dagskrá hófst að venju með víðavangshlaupi boðið var upp á þá nýbreytni að bjóða að auki upp á kvannahlaupið. Upp 200 tóku

þátt í hlaupunum. Þá var knattspyrnukeppni þar tóku þátt 7 lið í nokkrum aldursflokkum. Golfmót á þúttvellingum og veiðikeppni í vatninu, stærsti fiskurinn mældist 36 cm. Að loknum keppnum bauð FTR upp á grillaðar pylsur. Um kvöldið var barnaskemmtun og dansleikur. Þar voru afhent verðlaun fyrir keppnir dagsins. Síðan var varðeldur og mikið sungið. Fjölskylduhátíðin verður 18. - 20 júní í sumar og mun Félag rafeindavirkja sjá um hana.

Félag sýningarmanna skiptir um nafn

Á aðalfundi Félags sýningarmanna við kvikmyndahús þ. 23. apríl var ákveðið að skipta um nafn á félaginu. Það heitir nú Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús.

Spennugolf 2002

Föstudaginn 20. júní 2003 var haldið á Selsvelli á Flúðum hið árlega Pennugolf RSÍ, tíunda árið í röð. Til leiks mættu 71 keppandi. Úrslit má sjá að heimasíðunni undir síðu golfnefndar. RSÍ hefur einnig styrkt golfmót rafiðnaðarmanna á Suðurnesjum, sem er öflugt mót. Pennugolfið verður 25. júní í sumar á Strandarvelli Hellu.

Heimasíðan

Á síðasta ári var heimasíðan endurskipulögð. Félagsmenn og aðrir nota síðuna mikið, td er oft vitnað til hennar í fjölmiðlum. Þar er mikið magn af upplýsingum um launamál og kjarasamninga sambandsins. Auk þess eru ítarlegar upplýsingar um sjóði sambandsins, réttindi félagsmanna ásamt fundargerðum miðstjórnar. Hægt er að fylgjast með lausum orlofshúsum á heimasíðunni, sjá punktafjölda í orlofskerfinu og sækja um orlofshús.

Ákvæðisvinnan

Undanfarin ár hefur Ákvæðisvinnunefnd rafiðna unnið að endurnýjun ákvæðisvinnutaxans. Ákvæðisvinnunefndin er samstarfsnefnd rafvirkja og rafverktaka innan Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnurekenda í raf og tölvuiðnaði. Nefndin sér um framkvæmd ákvæðisvinnusamningsins sem er hluti af almenna kjarasamning RSÍ og SART. Í honum gert ráð fyrir að allar nýlagnir séu unnar í ákvæðisvinnu, fari annar hvor aðila fram á það við verkbyrjun. Nokkuð dró úr notkun taxans þar til að hann var gefinn út á tölvuformi fyrir um 12 árum og hefur notkun hans farið vaxandi.

Ákvæðisvinnunefndin hefur unnið að greiningu nýrra verkþátta og þeim bætt í skrána, auk þess að eldri þættir hafa verið yfirfarnir og breyttir með tilliti nýs verklags og efnisþátta. Í byrjun þessa árs ákvað ákvæðisvinnunefnd að fá Rafteikning til að vinna að verklýsingu svo bjóða mætti út endurgerð kerfisins. Ákveðið var að ákvæðisvinnutaxtinn yrði aðgengilegur öllum félagsmönnum RSÍ og SART á netinu. Verkið var boðið út í haust og fengust 11 tilboð. Gengið var til samninga við Origo ehf sem er dótturfyrirtæki Tölvumynda hf um verkefnið og þróun á nýju kerfi fyrir skráningu á verk- og efnisþáttum í ákvæðisvinnutaxtanum. Nýja kerfið sem verður skrifað í .NET, á að auðvelda útreikninga á efnis- og launapáttum og uppgjör við verkkaupa. Samfara því verða, kostnaðar- og verkáætlanir og tilboðsgerð gerð mun einfaldari og auðveldari. Gert er ráð fyrir að verkefninu verði lokið í vor

Nokkrar umræður hafa farið fram um starfsemi sem snýr að ákvæðisvinnutaxtanum. Skrifstofa Ákvæðisvinnustofunnar var lokað fyrir nokkrum árum að frumkvæði rafverktaka þrátt fyrir hávær mótmæli rafvirkja. FÍR tók að sér að bera ábyrgð á nokkrum rekstri um mat og yfirferð á ákvæðisvinnuverkum og hefur Þór Ottesen sinnt því starfi fyrir FÍR. Áætlað er að á þessu verði einhver breyting nú í vor, en endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar.

Norræna rafiðnaðarsambandið og samstarf norræna rafvirkja um menntun (NEF, NEUK)

RSÍ hefur verið aðili að NEF frá upphafi í því eru um 150 þús. rafiðnaðarmenn. Skipulag norrænu rafiðnaðarsambandanna er svipað í Noregi, Finnlandi og Íslandi. Í Danmörku eru veikstraumsmennirnir í Málmiðnaðarsambandinu og símamenn eru í Símasambandinu, oft hefur staðið til að sameina þessi sambönd en þar hefur hinum dönsku félögum okkar aldrei tekist að ná

endasprettinum. Í Svíþjóð eru veikstraumsmenn og þar með taldir símamenn í SEKO, auk þess að þar er hluti orkugeirans. Skipulag NEF er með þeim hætti að allir norrænir rafiðnaðarmenn sem eru í samböndunum og hafa fullgild réttindi, njóta fullra félagslegra réttinda hvar sem þeir starfa á norðurlöndunum. Sambandið vinnur að samræmingu kjarasamninga milli landa og fjallar um mál sem snerta fyrirtæki sem starfa í fleiri en einu norðurlandanna. Auk þess hafa norrænir rafvirkjar átt mikið samstarf um menntamál sín í menntanefnd og hún er aðili að NEUK sem er samstarfsnefnd rafvirkja og norrænna rafverktakafyrirtækja. Ársþing NEUK verður hér á landi næsta haust. RSÍ tekur við formennsku í NEF af Svíþjóð á ársfundi þess í Stokkhólmi í haust.

Norræna, evrópska og alþjóða byggingarsambandið (NBTF, EBTF, IBTF).

Öll norrænu rafiðnaðarsamböndin eru aðili að NBTF fyrir rafvirkja sem starfa í byggingargeiranum. Í NBTF eru um 600 þús. félagsmenn. NBTF er aðili að Evrópska byggingarsambandinu sem er svo aðili að Alþjóðabyggingarsambandinu. Í EBTF eru tæplega 2.5 millj. félagsmanna í 50 landssamböndum í 17 löndum og mun þeim fjölga verulega við stækkun evrópska efnahagsbandalagsins í vor. Í IBTF eru 287 landssambönd í 124 löndum og félagsmenn eru liðlega 10 millj. Samiðn og RSÍ hafa skipst á um að sitja í stjórnnum þessara sambanda, en Ísland á þar eitt sæti. Samiðn situr nú í stjórn Norræna sambandsins og RSÍ í stjórn Evrópusambandsins. Helstu verkefni þessara sambanda er að hafa áhrif á stjórnvöld eins og t.d. Norræna ráðið og Evrópubandalagið. Þessi sambönd hafa mikla starfsemi í Brussel og hafa mikil áhrif á setningu reglugerða þar. Samböndin hafa starfað mikið í vanþróðum löndum, m.a. við að styðja við stofnun nýrra stéttarfélaganna. Auk þess er staðið undir rekstrarkostnaði margra skóla bæði í Afríku og í austurlöndum fjær. Mjög stór hluti þeirra styrkja kemur frá norrænu samböndunum, þar á meðal RSÍ.

Norræna símasambandið (NTO).

FÍS hefur verið aðili að norræna símasambandinu. En þar sem búíð er að fjölga símafyrirtækjum hér á landi og starfsmenn þeirra eru ekki einungis innan FÍS heldur einnig í öðrum aðildarfélögum RSÍ, þótti edlilegt að RSÍ gerðist aðili að NTO í stað FÍS. Það mun verða tekið fyrir á næsta þingi NTO sem verður í maí 2004

Nýr formaður FÍR

Á aðalfundi FÍR 2003 var kosin nýr formaður. Haraldur H. Jónsson lét af starfi og Björn Ág. Sigurjónsson tók við. Haraldur er búinn að vera formaður FÍR síðan 1995, hann var varaformaður félagsins frá 1986 og var áður búinn að vera trúnaðarmaður í Sigöldu og hjá Íslenska álfélaginu. Hann var reyndar kosinn trúnaðarmaður hjá ÍSAL aftur eftir að hann hætti sem formaður FÍR. Haraldur hefur verið í miðstjórn RSÍ frá 1986. Hann hefur verið aðalmaður í stjórn Lífiðnar um langt árabil og áberandi í lífeyrisumræðunni eins og reyndar þeim málum sem hann hefur tekið að sér. Haraldur voru þökkuð mikil og góð störf í þágu samtaka rafiðnaðarmanna á þinginu.

RSÍ, FÍS og FSS standa að uppsetningu minnisvarða við Mývatn

Um 200 manns voru við afhjúpun minnisvarða sem Félags íslenskra símamanna, Félags símsmiða og Rafiðnaðarsamband Íslands hafa reist við Mývatn. Þann 26. október 1999 drukkuðu Böðvar Björgvinsson og Jón Kjartansson starfsmenn Landssímans og Sigurgeir Stefánsson starfsmaður Kísiliðjunnar, þegar þeir voru að störfum á vatninu við lagningu ljósleiðara. Athöfnin var virðuleg og fór fram í ákaflega fallegu haustveðri. Einar Gústafsson formaður FÍS setti afhöfnina, séra Örnólfur Ólafsson flutti minningarorð og kirkjukórinn söng. Á eftir bauð Rafiðnaðarsambandið til kaffisamsætis. Landeigendur Grímsstaða gáfu land undir minnisvarðann á Grímsstaðaöxl sem er mjög fallegur og góður útsýnisstaður við þjóðveginn

Handbók Staðalráðs

Undanfarið hefur verið unnið mikið verk við að undirbúa handbók Staðalráðs Íslands. Í bókinni verða ítarlegar skýringar um rafmagnsöryggi. Samskonar bók hefur verið gefin út á hinum norðurlöndunum og er orðið nokkurs konar staðalrit um rafmagnsreglugerðir, mikið notað af rafiðnaðarmönnum. Ákveðið var af RSÍ og aðildarfélögum rafvirkja, rafveituvirkja og rafvélavirkja

að styrkja þessa útgáfu myndarlega. Í þessu sambandi má minna á að RSÍ styrkti á síðasta ári samskonar bók í samskipta og margmiðlunargeiranum.

Útgáfa margmiðlunardisks um rafiðngreinar

Í tilefni af 100 ára afmæli Iðnskólans í Reykjavík sem verður haldið hátíðlegt næsta haust þá hefur verið ákveðið að RSÍ og aðildarfélag láti gera margmiðlunardisk þar sem rafiðnaðargreinarnar og námsmöguleikar innan rafiðnaðargeirans verða kynnt. Ætlunin er að dreifa diskinum í öllum grunnskólunum og framhaldsskólunum. Sú þróun hefur verið undanfarin ár að sívaxandi fjöldi ungmenna leitar í menntaskólana og það fólk sem fer í verkmenntaskólana er ekki jafngott námsfólk og áður. Aftur á móti er ljóst að atvinnuástand og launamöguleikar innan ma rafiðnaðargreinanna er mun betra en hjá flestum háskólagreinunum. Einnig má í þessu sambandi benda á hækkanði meðalaldurs þeirra sem eru að taka sveinspróf í rafiðnaðargreinum. En það er nálægt 28 ára í dag.

Rafiðnaðarskólinn

Undanfarin tvö ár hefur starfsemi Rafiðnaðarskólans verið endurskipulögð. Starfsemin gengur ákaflega vel og er jöfn aukning í fagnámskeið. Nú hafa eftirmenntunarnefndir verið sameinaðar í tvær, önnur sinnir sterkstraum og hin veikstraum. Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans er skipuð tveimur fulltrúum launþega (Rafiðnaðarsamband Íslands) og tveimur fulltrúum atvinnurekenda (Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði). Þessir aðilar eru jafnframt eigendur skólans. RSÍ og SART skipa einnig tvo fulltrúa hvort í stjórn Menntasjóðs. En þar er yfirsjón alls fjárstreymis sem fer um eftirmenntunarsjóðina.

Helstu starfsmenn Rafiðnaðarskólans : Atli Þór Þorvaldsson framkvæmdastj., Sigurður Geirsson skólastj., Örlýgur Jónatansson sviðsstj veikstraums, Guðfinnur Traustason verkefnastj., Haukur Konráðsson verkefnastj.

Rafiðnaðarútgáfan er tengd starfseminni, hún hefur fengist við gerð og útgáfu bóka fyrir tölvukennslu síðan 1987. Titlar útgáfunar eru 34.

<i>Sveinspróf 2001</i>					<i>Sveinspróf 2002</i>				
Rafvirkjun					Rafvirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.01	41	29	12	29%	feb.02	41	29	12	29%
jún.01	46	36	10	22%	jún.02	60	41	19	32%
Samtals	87	65	22	25%	Samtals	101	70	31	31%
Rafvélavirkjun					Rafvélavirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.01	2	1	1	50%	feb.02	3	2	1	33%
jún.01	2	1	1	50%	jún.02	1	1	0	0%
Samtals	4	2	2	50%	Samtals	4	3	1	25%
Rafveituvirkjun					Rafveituvirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.01	0	0	0	0%	feb.02	0	0	0	0%
jún.01	0	0	0	0%	jún.02	0	0	0	0%
Samtals	0	0	0	0%	Samtals	0	0	0	0%
Rafeindavirkjun					Rafeindavirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.01	31	21	10	32%	feb.02	38	16	22	58%
jún.01	41	21	20	49%	jún.02	29	24	5	17%
Samtals	72	42	30	42%	Samtals	67	40	27	40%

Símsmiði					Símsmiði				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.01	2	2	0	0%	feb.02	0	0	0	0%
jún.01	0	0	0	0%	jún.02	6	5	1	17%
Samtals	2	2	0	0%	Samtals	6	5	1	17%
Fjöldi Stóðust Féllu Fall%					Fjöldi Stóðust Féllu Fall%				
Alls	165	111	54	33%	Alls	178	118	60	34%

<i>Sveinspróf 2003</i>					<i>Sveinspróf 2004</i>				
Rafvirkjun					Rafvirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.03	41	28	13	32%	feb.04	47	32	15	32%
jún.03	37	21	16	43%	jún.04				
Samtals	78	49	29	37%	Samtals	47	32	15	32%
Rafvélavirkjun					Rafvélavirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.03	0	0	0		feb.04	2	1	1	50%
jún.03	2	0	2	100%	jún.04				
Samtals	2	0	2		Samtals	2	1	1	50%
Rafveituvirkjun					Rafveituvirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.03	0	0	0		feb.04	2	2	0	0%
jún.03	1	1	0	0%	jún.04				
Samtals	1	1	0		Samtals	2	2	0	0%
Rafeindavirkjun					Rafeindavirkjun				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.03	31	17	14	45%	feb.04	35	21	14	40%
jún.03	26	15	11	42%	jún.04				
Samtals	57	32	25	44%	Samtals	35	21	14	40%
Símsmiði					Símsmiði				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
feb.03	0	0	0		feb.04	0	0	0	
jún.03	8	6	2	25%	jún.04				
Samtals	8	6	2		Samtals	0	0	0	
Fjöldi Stóðust Féllu Fall%					Fjöldi Stóðust Féllu Fall%				
Alls	146	88	58	40%	Alls	86	56	30	35%

Brottfall úr starfsmenntaskólum

Alloft er rætt um brottfall nema í þá sérstaklega í starfsmenntakerfinu. Þetta er mjög þörf umræða þá sérstaklega með tilliti til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á vinnumarkaði og þjóðfélagslegu breytinga sem átt hafa sér stað undanfarna tvo áratugi. Þar má benda á að ungafólkið er mikið seinna í daga að taka ákveðna stefnu á lokamarkmið en var á árum áður.

Í þessu sambandi má benda á töluverðar líkur eru á að meirihluti rafiðnaðarnema séu skráður sem brottfallsnemar. Eins og kunnugt er þá hefur það fæst í vöxt að rafiðnaðarnemar hverfa frá námi og síðar er hluti þeirra að skila sér mörgum árum síðar í sveinspróf. Við síðustu afhendingu sveinsprófa rafiðnaðarmanna fyrir 2 vikum var um hundrað rafiðnaðarmönnum afhent sveinspróf. Meðalaldur þeirra var 30 ára. Þeas að langflestir hafa því verið út á vinnumarkaði í allmörg ár án þess að hafa verið í skóla.

Með bættri flóru eftirmenntunarnámskeiða og aukinni sérhæfingu á vinnumarkaði hefur það tíðkast í vaxandi mæli, sérstaklega innan tæknigreina eins og rafiðnaðurinn er, að nemi hverfi frá námi áður en því er lokið. Honum stendur oft til boða sérhæft og vellaunað starf td í tölvu- eða margmiðlunargeiranum, þar sem ekki er krafist sveinsprófs. Starfsmaðurinn er svo sendur af fyrirtækinu eða fer sjálfur á útvalinn starfsmenntanámskeið sem tengjast starfi hans. Eða með öðrum orðum ungt fólk hefur í mjög vaxandi mæli þann kost að byggja sjálft upp sína starfsmenntabrot, þar eru engin tilgreind eða opinberlega skráð lok. Ef sú staða kemur upp síðar að starf býðst þar sem sveinsprófs er krafist þá er einfalt að taka upp þráðinn þar frá var horfið og ljúka sveinsprófi, eins og erum að sjá með sífellt hækkandi meðalaldri þeirra sem koma í sveinspróf.

Það er orðið mjög algengt að ungt fólk fari erlendis áður en það lýkur verknámi og lendir inn í ofanskráðri leið. Í þessu sambandi má einnig benda á að það ætti td að viðurkenna nokkrar námsleiðir sem í Rafiðnaðarskólanum, eins og rafiðnaðarmenn hafa löngum bent á. Í fréttum fyrir nokkrum kom fram að fleiri hundruð starfsmenntanema komist ekki inn á starfsmenntabrotir vegna fjármagnsleysis. Þetta fólk mun ekki standa iðjulaust á gangstéttinni fyrir framan verkmenntaskólana og bíða eftir inngöngu. Það fer í störf sem það hefur áhuga á og byggir sína eigin menntabrot upp með sókn á námskeið héraðs og erlendis. Á sama tíma gefa íslensk stjórnvöld út skýrslur um að við séum verst menntaða þjóð í heimi. Á sama tíma standa þau aðgerðalaus á meðan skipulögð er aðför að íslensku starfsréttinda og starfsmenntakerfi með því að hleypa inn í landið hundruðum erlendra manna sem ekki hafa lokið neinu tilskyldu námi og standa í vegi fyrir að opinberir íslenskir eftirlitsmenn geti sinnt starfi sínu. Íslendingar eru aftur á móti sektaðir fyrir að hafa ekki próf sín í lagi.

Í þessu sambandi er einnig full ástæða til þess að benda á að þó svo að erlendir einstaklingur hafi starfað við ákveðið sérsvið innan starfsgreinar, þá á hann ekki rétt á sveinsréttindum í viðkomandi iðngrein þegar hann stígur út úr flugvél í Keflavík. Hér hefur td komið upp að maður sem hefur starfað við að setja saman ísskápa eigi að fá afhent sveinsréttindi í rafvirkjun!!! Það fengi hann hvergi í veröldinni og engum dettur það í hug nema íslenskum stjórnvöldum. En íslendingar þurfa að ljúka sínu námi og taka fullgilt sveinspróf til þess að fá starfsréttindi, enda á það svo að vera og gilda fyrir alla, líka þá sem tala útlensku.

Trúnaðarmannaráðstefnan 2003

Um 100 trúnaðarmenn RSÍ komu saman í Hveragerði 31. okt. og 1. nóv. til þess að marka stefnu sambandsins í komandi samningum. Á ráðstefnunni var kynnt launakönnun sem sambandið stóð fyrir vikurnar fyrir ráðstefnuna og er hér í skýrslunni. Þar var einnig leitað álits meðal félagsmanna um hvert ætti að stefna í komandi samningum. Mikill meirihluti svaraði á þann veg að fylgja ætti sömu stefnu og mörkuð var 1990 sem kölluð hefur verið “Stígandi lukka”. Hún hefur gefið rafiðnaðarmönnum verulegan kaupmáttarauka og reynst farsæl. Þar hefur verið samið um raunsæar kauphækkningar umfram verðbólguþingi, sem hefur skilað markvissri kaupmáttaraukningu.

Í umræðum um samningstíma var niðurstaðan að hann myndi ráðast af vilja samningsaðila til að viðhalda stöðugleika, semja mætti til nokkurra ára ef viðunandi tryggingar fengjust og efnahagsleg tenging með árlegri endurskoðun launaliða.

Ef svigrúm reynist vera fyrir hendi til að lækka skatta á að gera það með þeim hætti að draga á úr jaðarsköttum á lægri tekjur og jaðaráhrifum barnabóta með því að hækka skerðingarmörk verulega, til að auðvelda þeim tekjulægri að vinna sig úr fátæktargildrum. Mögulegar skattalækkanir verða ekki skiptimynt í stað réttmætra launahækkana í næstu kjarasamningum.

Stefna á að því að færa launataxta nær raunlaunum með því að strika út neðstu taxta enda kemur fram í launakönnuninni að þeir eru ekki í notkun. Sé litið til launakönnunar þá er ljóst að við endurskoðun taxtakerfisins á að setja lágmarksdaglaun í taxtakerfinu við 120 þús. kr. og lágmarksdaglaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf um 170 þús. kr. Lágmarksdaglaun rafiðnaðarmanna með reynslu og faglega ábyrgð verði 215 þús. Sá taxti verði eins og áður lágmarkstaxti við virkjanaframkvæmdir. Bæta þarf ofan á taxtakerfið nýjum töxtum. Setja á ákvæði í virkjanasamning sem kveða á um 15% fastan bónus þar til búið er að semja um afkasta hvetjandi kerfi eða bónusa.

Deilan við aðalverktakann við Kárahnjúka hefur hingað til snúist um lágmarksákvæði kjarasamninga, en launakjör við Kárahnjúka eru langt undir því sem þekkt hefur við virkjanaframkvæmdir hér á landi. Virkjanasamningurinn á að endurspeglar raunlaun á íslenskum vinnumarkaði. Þrýsta þarf á stjórnvöld um að sett verði sérstök lög um starfsemi erlendra starfsmannaleiga. Erlendar lántökur vegna hinna miklu framkvæmda eru ekki að skila sér sem skildi inn í íslenskt efnahagslíf, þær streyma aftur úr landi í launum erlends verkafólks og virðisauka erlendra fyrirtækja.

Endurskoða þarf ákvæði um útköll og gera þau skýrari og setja inn ákvæði um lágmarkslengd bakvakta. Fyrirtæki hafa í vaxandi mæli skert frítíma rafiðnaðarmanna með því að beina til þeirra verkefnum um gsm-síma. Í kjarasamning eru ákvæði um endurgjald vegna þessa, en greinilegt er að það er þörf á að gera þau skýrari.

Fyrirtæki hafa í vaxandi mæli sett í ráðningarsamninga ákvæði um að starfsmenn megi ekki starfa hjá samkeppnisaðilum í nokkurn tíma eftir uppsögn eða allt að 2 árum. Þetta er að mati RSÍ skýrt brot á ákvæðum stjórnarskrár. Við þessu þarf að bregðast og í komandi samningum á að þrýsta á stjórnvöld um að sett verði lög, svipuð þeim sem búið er að setja í nágrennalöndum. Í þessum lögum verði fyrirtæki sem setji samkeppnishamlandi ákvæði í ráðningarsamning skuldbundin til þess að tryggja viðkomandi starfsmönnum full laun samkeppnishömlunartímann.

Hækka á atvinnuleysisbætur strax þannig að þær samsvari lágmarkslaunum í viðkomandi starfsgrein og tekjutengja þær með stíglækkun niður í fastar bætur fyrstu 6 mánuðina. Jafna verður það misrétti sem ríkið beitir starfsmenn sína í lífeyris-, veikinda- og orlofsrétti eftir því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Í komandi samningum á að vera ákvæði um jöfnun þessara réttinda í áföngum næstu 4 ár.

Í launakönnunni er því alfarið hafnað að selja veikindarétt og eru rafiðnaðarmenn tiltölulega ánægðir með núverandi kerfi. Enda eru þeir tryggðir í gegnum sjúkrasjóð sambandsins með 80% af launum í langvarandi veikindum.

Samþykkt var að ítreka fyrri kröfur RSÍ um að færa svokallaða “fimmtudagsfrídaga” að helgum.

Atvinnuleysi rafiðnaðarmanna

Nokkuð hefur borið á atvinnuleysi rafiðnaðarmanna þá sérstaklega meðal tæknifólks í tölvu- og margmiðlunargeirnum. Atvinnuleysi hefur þó aldrei farið yfir 3% og er nú innann við 0.5%. Atvinnuleysi innan löggiltu rafiðnaðargreinanna hefur verið sáralítið.

Kárahnjúkar

Landsvirkjun hefur undanfarna áratugi byggt mikil og glæsileg raforkuver hér á landi og gert það af miklum myndarskap. Orkuverin hafa verið undirstaða að öflugri uppbyggingu atvinnulífs, sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi. Vitanlega hafa verið skiptar skoðanir um hvort og þá hvar eigi að virkja, en ljóst er að landsmenn sætta sig við virkjanaframkvæmdir ef undirbúningur þeirra er í samræmi við settar leikreglur, umhverfismat og skipulagstofnanir. Við Kárahnjúkavirkjun er á nokkrum mánuðum búið að grafa nokkra km af jarðgöngum, leggja tugi kílómetra af vegum, hreinsa undan stíflustæðinu, reisa búðir fyrir fleiri hundruð manns og leggja raforkudreifikerfi fyrir hið víðfeðma vinnusvæði sem er allt frá stórum búðum í Fljótsdal vegna stöðvarhússins, tveim minni búðum þar sem farið er inn í göngin og svo stórum búðum 40 km innar á heiðinni við Kárahnjúk.

Stéttarfélagin og eftirlitsstofnanir hafa litið með velvilja til þessa mikla verkefnis og sætt sig við margskonar undanþágur á settum reglum hvað varðar aðbúnað á meðan fyrirtækið hefur verið að koma verkefninu af stað. En þrátt fyrir margskonar eftirfylgni virðir fyrirtækið að vettugi allar beiðnir um úrbætur fyrr en nánast allt er komið á annan endann. Í viðtölum við erlenda starfsmenn á svæðinu hefur m.a. komið fram mikil vonbrigði þeirra um framkomu verkstjóra, aðbúnað og laun. Sama gildir um íslenska starfsmenn. Starfsmannavelta bæði innlendra og erlendra er gífurleg. Í ljós hefur komið að viðvaranir okkar voru réttar um að hinir nýju skálar sem byggðir voru hafa ekki staðist íslenskt vetrarveður. Margir hafa verið undrandi yfir máttleysi íslenskra eftirlitstofnana. Margoft er búið að krefja fyrirtækið um að það sýni fram á að erlendir starfsmenn hafi gild starfsréttindi. Í ljós hefur komið að það vantar verulega upp á að svo sé. Svo virðist sem íslensk stjórnvöld séu þjökkuð af nánast takmarkalausum undirlægjuhætti og þau tilbúin að fórna íslenska starfsmenntakerfinu á því altari.

Á meðan 5.000 íslendingar ganga um göturnar atvinnulausir, margir fjölskylduféður eru fluttir tal landsins fleiri hundruð erlendra verkamanna. Gerð er sú krafa til íslendinga að þeir sækji dýr námskeið til þess að geta tekið meira próf, eða fengið réttindi á vinnuvélar, eða fengið starfsréttindi sem iðnaðarmenn. Ef þeir fullnægja ekki þessu þá eru þeir dregnir fyrir dómstóla og sektaðir og ganga jafnframt um atvinnulausir. Íslenskum fyrirtækjum er gert að búa sínum starfsmönnum lágmarksaðbúnað og tryggja öryggi þeirra á vinnustað. Þeir sem hafa komið á alla virkjanastaði halda því fram að aðbúnaður við Kárahnjúkavirkjun sé sá lakasti sem þekkt hefur hingað til.

Starfsmenn stéttarféлага sem hafa reynt að vinna að úrbótum þurfa að láta það yfir sig ganga að þurfa að sitja undir ónotum frá ráðherrum og forsvarsmönnum opinberra eftirlitsstofnana. Steininn tók úr þegar stjórnarformaður Landsvirkjunar gekk fram í fjölmiðlum í aprílbyrjun og bar á stéttarfélagin og íslendinga almennt að þeir séu ósanngjarnir í garð hins erlenda verktaka, sem sannanlega gengur hér um og þverbrýtur öll lög. Ráðherrar hafa komið fram í fjölmiðlum og þakkað sérstaklega þessu erlenda fyrirtæki fyrir að hafa komið hingað, fyrirtæki sem er sem er hér með erlent launafólk á launum sem eru fyrir neðan allt sem hér þekktist, íslensk starfsréttindi eru þverbrotin, Gerð hefur verið glansmynd af Landsvirkjun fyrir sjónvarp þar sem sneitt er hjá öllu hinu versta og starfsmenn stéttarféлага og eftirlitsmenn lýst þar sem lygurum.

Það hefur heyrst að þessir aðilar vilji taka löggjöf um starfsréttindi á Íslandi úr sambandi fyrir þetta fyrirtæki. Hér í landinu hafa verið hundruð manna í störfum sem þeir hafa ekki tilskilin réttindi til að stunda þá. Þetta er í raun ekkert annað en aðför að innlendu atvinnulífi. Íslensk fyrirtæki eru að reyna að standa skil á sínu við sína íslensku starfsmenn og gagnvart íslensku samfélagi, þeim er gert ómögulegt að stunda sín atvinnurekstur sakir þess að þeim er gert að uppfylla margskonar skyldur sem eru í íslenskum lögum á meðan erlendu fyrirtæki er hjálpað til þess að þverbrjóta allt sem á vegi þess verður og því eru fluttar sérstakar þakkir fyrir að gera það.

Landsvirkjun varð illilega á í messunni þegar þeir gerðu samning við hin erlenda verktaka. Í stað þess að viðurkenna það og reyna að lagfæra mistökin er ráðist á íslenska launamenn, íslensk fyrirtæki, íslensk starfsréttindi, íslenskt starfsmenntakerfi, íslensk samfélag og reynt með öllum ráðum að færa okkur niður á lægra plan í tilraun til þess að leiðrétta mistökin. Í efnahagslegum

áætlunum var gert ráð fyrir að hlutfall íslenskra starfsmanna við Kárahnjúka væri um 80% en það hefur einungis verið um 30 – 40%. Vitað er að fjöldi íslenskra og norrænna manna hafa sótt um störf við Kárahnjúka en verktakinn hefur í engu sinnt að svara þeim umsóknum.

Fjölskyldunefnd RSÍ.

Á trúnaðarráðstefnu RSÍ kom fram tillaga um að RSÍ ætti að marka sér ákveðna stefnu í fjölskyldumálum. Í komandi kjarasamningum ættu samninganefndir að huga að því með hvaða hætti væri hægt að taka tillit til fjölskyldunnar og heimilanna. Ákveðið var að setja á laggirnar vinnuhóp til þess að vinna að þessu máli.

Fram kom ma að í komandi kjarasamningum þurfi að bæta stöðu fjölskyldna með því að :

- Skilgreina þarf markmið og flétta saman atvinnu-og fjölskyldulíf.
- Stuðla þarf að auknum tækifærum til símenntunar.
- Barnabætur verði hækkaðar og dregið úr tekjuskerðingum og þær verði greiddar með börnum að 18 ára aldri.
- Þróa þarf rétt foreldra til launa meðan þau sinna veikum börnum. Huga þarf að því að sá réttur verði ekki íþyngjandi og komi í veg fyrir að foreldrar verði gjaldgengir á vinnumarkaði. Þessi réttindi eiga að vera með sama hætti og fæðingarorlof, þeas að vera samtryggingaréttur í formi umönnunarbóta.
- Fjölga leiguíbúðum og tryggja niðurgreiðslu á leigu félagslegra íbúða. Þeir sem öðlist rétt til félagslegrar aðstoðar við leigu fái leigustyrki.
- Við skipulag vinnuferla, vinnutíma og vaktakerfa verði tekið mið af hagsmunum fjölskyldunnar. Auka þarf sveigjanleika í vinnutíma.

Fjölskyldunefndin hefur haldið nokkra fundi í vetur og hefur verið ákveðið að hún leggi fram tillögu að bókun með væntanlegum kjarasamningum.

Einnig hefur fjölskyldunefndin lagt til að útbúin verði aðstaða í Stórhöfðahúsinu fyrir börn félagsmanna meðan þeir sækja fundi eða sinni félagslegu starfi. Algengast sé að báðir foreldrar vinni úti og það geti hindrað fólk í að sækja félagslega starfsemi, aðstaða fyrir börnin gæti hugsanlega orðið til þess að aðsókn á fundi aukist.

Kjaramál

Laun rafiðnaðarmanna árið 2003.

Á trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ 31 okt. – 1. nóv. Í Hveragerði kynnti hagfræðingur RSÍ launakönnun sem hann hefur unnið úr gögnum RSÍ. Þau gögn byggja á öllum félagsmönnum RSÍ. Þegar þær eru skoðaðar kemur í ljós að þær fara vel saman við niðurstöður launakönnunarinnar.

Viktuð meðalheildarmánaðarlaun 2003 eru 299.206 kr.

Viktuð meðalheildarmánaðarlaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf 321 þús. kr.

Samkvæmt kjararannsókn eru meðallaun allra iðnaðarmanna 285 þús. kr.

Meðalheildarmánaðarlaun árið 2003		Meðalheildarmánaðarlaun rafvirkja 2003	
Rafeindavirkjar	334 þús. kr	Reykja vík	313 þús. kr.
Rafvirkjar	320 þús. kr	Vesturland	348 þús. kr.
Fél. sýningarmanna	283 þús. kr	Vestfirðir	276 þús. kr.
Fél. tæknif í rafiðnaði	279 þús. kr	Norðurland vestra	315 þús. kr.
Símsmiðir	273 þús. kr	Norðurland eystra	295 þús. kr.
Fél. ísl. símamanna	232 þús. kr	Austurland	330 þús. kr.
		Suðurland	324 þús. kr.
		Suðurnes	322 þús. kr.
Launadreifing rafeindavirkja		Launadreifing rafvirkja	
undir 180 þús eru	3%	undir 180 þús eru	3%

á bilinu 180 – 220 þús eru	9%	á bilinu 180 – 220 þús eru	9%
á bilinu 220 – 260 þús eru	13%	á bilinu 220 – 260 þús eru	13%
á bilinu 260 – 300 þús eru	14%	á bilinu 260 – 300 þús eru	18%
á bilinu 300 – 340 þús eru	18%	á bilinu 300 – 340 þús eru	17%
á bilinu 340 – 380 þús eru	13%	á bilinu 340 – 380 þús eru	15%
á bilinu 380 – 420 þús eru	11%	á bilinu 380 – 420 þús eru	11%
á bilinu 420 – 460 þús eru	10%	á bilinu 420 – 460 þús eru	6%
á bilinu 460 – 500 þús eru	4%	á bilinu 460 – 500 þús eru	4%
á bilinu 500 – 540 þús eru	2%	á bilinu 500 – 540 þús eru	2%
hærri en 540 þús eru	3%	hærri en 540 þús eru	2%

Launakönnun RSÍ október 2003.

Könnunin var framkvæmd með úrtaki sem svarað var með tölvupósti eða á heimasíðu RSÍ með aðgang bundnum við félagsskrá. Alls svöruðu um 53% af úrtaki. Um 11% konur og 89% karlmenn, sem er mjög nálægt lagi. Aldursdreifing var þannig að 22% voru á aldrinum 20 – 30 ára 38%, á aldrinum 30 – 40 ára, 25% á aldrinum 40 – 50 ára, 13% á aldrinum 50 – 60 ára og tæp 2% eldri en 60 ára.

Starfssvið		Vinnustaðir	
Viðhald og þjónusta	14%	Almennum markaði	50%
Tölvu og samskiptakerfi	16%	Fyrirtæki í eigu hins opinbera	30%
Símakerfið	13%	Fyrirtæki í eigu sveitarfélags	5%
Húsalagnir	8%	Hjá verksmiðjunum (ál, járnblendi, sement, steinull, kísill	3.5%
Orkudreifikerfið	8%		
Sölumennska	7%		
Hljóð og myndvinnsla	4.5%	Hjá hinu opinbera	3.5%
Framleiðslu og verksmiðjuvinna	3.5%	Annað	8%
Öryggiskerfi	2%		
Fiskvinnsla og matvælaíðnaður	2%		
Annað	22%		
Hver eru heildarmánaðarlaun?		Hver eru mánaðardaglaun?	
Mínna en 150 þús.	2.5%	Mínna en 150 þús. kr.	11%
150 – 200 þús. kr.	12%	150 – 200 þús. kr.	32%
200 – 250 þús. kr.	17%	200 – 250 þús. kr.	26%
250 – 300 þús. kr.	23%	250 – 300 þús. kr.	15%
300 – 350 þús. kr.	21%	300 – 350 þús. kr.	10.5%
350 – 400 þús. kr.	11%	350 – 400 þús. kr.	2.5%
400 – 450 þús. kr.	5.3%	400 – 450 þús. kr.	1.5%
450 – 500 þús. kr.	3.2%	450 – 500 þús. kr.	1%
500 þús eða meira	5%	500 þús eða meira	0.5%

Viktuð meðalheildarmánaðarlaun eru 299.206 kr.

Hver er fastur vikulegur vinnutími rafiðnaðarmanna?

40 dagvinnutímar	45%
40 dagv.t + 5 - 10 yfirvinnutímar	37%
40 dagv.t + 10 – 15 yfirvinnutímar	8%
40 dagv.t. + 15 – 20 yfirv.t.	10%

Hve marga veikindad. notaðir þú síðasta ár?		Hve marga vegna veikinda barna ?	
Engan	20%	Engan	57%
1 – 5 daga	52%	1 – 5 daga	31%
5 – 10 daga	22%	5 – 10 daga	9%
10 – 15 daga	3%	10 – 15 daga	2%

Fleiri en 15 daga 3%	Fleiri en 15 daga 1%
Á að láta af hendi veikindadaga t.d. stytta veikindarétt í einn mánuð gegn launahækkun?	Á að selja fyrsta veikindadag gegn almennri launahækkun?
Já 11% Nei 79% Veit ekki 10%	Nei 79 Já 21%
Hve mikið orlof tókst þú í sumar?	Á að semja um styttra orlof gegn launahækkun?
Mínna en viku 4% 1 – 2 vikur 10% 2 – 3 vikur 19% 3 – 4 vikur 30% 4 – 5 vikur 26% 5 – 56 vikur 8% meira en 6 vikur 3%	Já 4% Nei 91% Veit ekki 5%
Sækir þú eftirmenntun vegna starfs þíns?	Ef já hve margar kennslustundir á ári?
Já 51% Nei 49%	5 – 10 stundir 23% 10 – 25 stundir 29% 25 – 50 stundir 31% 50 – 100 stundir 10% Fleiri en 100 7%
Sækir þú fagnámskeið í Rafiðnaðarskólanum?	Sóttir þú námskeið á öðru sviði síðasta ár?
Já 61% Nei 39%	Nei 76% Já 24%
Hversu ánægður eru með námskeið Rafiðnaðarskólans?	Hversu ánægður ertu með framboð námskeiða í Rafiðnaðarskólanum?
Mjög ánægður 22% Frekar ánægður 59% Hvorki né 15% Frekar óánægður 3% Mjög óánægður 1%	Mjög ánægður 16% Frekar ánægður 40% Hvorki né 31% Frekar óánægður 9% Mjög óánægður 4%

Kjarasamningar

Almenni samningurinn var undirritaður 14. apríl. Samningstími er frá 5. apríl til 31. des. 2007. Öll laun eiga að hækka frá 5. apríl 2004 amk um 3.25%. Síðan hækka þau um 3% 1. jan. 2005, 2.5% 1. jan. 2006 og svo 2.25% 1. jan. 2007.

Lágmarkstaxti rafiðnaðarmanna án sveinsprófs fer í kr. 116.227 og hækkar um tæp 18% og fer í kr. 131.820 1. jan. 2007, og hækkar því í heild um 33.5%.

Lágmarkstaxti rafiðnaðarmanna með sveinspróf fer í kr. 152.501 og hækkar um tæp 18% og verður kr. 172.960 1. jan. 2007 og hækkar því í heild um tæp 34%.

Lágmarkstaxti rafiðnaðarmanna með 1 árs sveinspróf fer í kr. 156.314 og verður kr. 177.284 1. jan. 2007. Í þessu sambandi má benda á að þessi skilgreining er ný þannig að lágmarkslaun þessara manna eru að hækka við undirritum um 21% og á samningstímanum um 37%.

Lágmarkstaxti rafiðnaðarmanna með 3ja ára sveinspróf var ekki skilgreindur, en fer við undirritun í kr. 160.222 og verður kr. 181.717 1. jan. 2007. Þessi skilgreining er ný þannig að lágmarkslaun þessara manna eru að hækka við undirritum um 24% og á samningstímanum um 41%.

Lágmarkstaxti rafiðnaðarmanna með 5 ára sveinspróf og meistarábréf var ekki skilgreindur, en fer við undirritun í kr. 176.856 og verður kr. 200.582 1. jan. 2007. Sambærilegur taxti var til áður, 10 taxti tæknileg ábyrgð á vinnustað. Ef miða er við þá hefur þetta lágmark hækkað um 8.4% og í lok samningstímans hækkað um tæp 23%.

Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna í virkjanaframkvæmdum voru kr. 169.370. Þau verða nú kr. 189.486 og hækka um 12%. Þessi laun fara á samningstímanum í 214.623 og hækka því á samningstímanum um 27%

Nú hefur náðst samkomulag um nýja leiðbeinandi launatöflu. Bil milli flokka er minna en í eldri töflu eða 2.5% og nær hún mun hærra upp en sú eldri.

Einingarverð í ákvæðisvinnu: kr. 323.02 og hækkar nú um 4.75% á samningstímanum hækkar einingin í kr. 355.54 eða um 15%. Ákvæðisvinnugrundvöllurinn hefur verið endurskoðaður og settar inn fjölmargar nýjungar. Hann verður settur á netið í máf næstk. og munu menn geta unnið við uppgjör verka og tilboða á netinu. Allnokkrar deilur hafa verið vegna veikindaréttar þeirra sem vinna í ákvæðisvinnu, en þeir eru yfirleitt á lágum launaflokkum en með mikla bónusa. Þegar veikindi bresta á þá falla menn niður á strípaða launaflokkana. Til að mæta þessu féllst SART á að auka hlut starfsmanna í bónuspotti um 1.5%.

Orlofs- og desemberuppætur

	Desemberupp	Orlofsupp.
2004	38.500	21.100
2005	39.700	21.800
2006	40.700	22.400
2007	41.800	23.000

Mótframlag vinnuveitanda lífeyrissjóð það hækkar úr 6% í 7% 1. jan 2005 og svo aftur 1. jan 2007 í 7%. Frá 1. jan 2005 fellur úr gildi skylda vinnuveitanda að greiða 1% í séreignarsjóð. En ef launþegi nýtir sér nú þann rétt að greiða 2% í séreignarsjóð gegn 2% mótframlagi vinnuveitanda fellur sú skylda vinnuveitanda ekki niður.

Sett í kjarasamninginn kennsluefni um hvað eigi að standa hið minnst á ráðningarsamning ma vegna deilna sem risið hafa um hvað sé daglaun og af hverju eigi að reikna yfirvinnulaun. Á þessu er reynt að taka hér. Það hefur valdið misskilning að þegar yfirvinna er reiknuð þá átti að taka kostnaðarliði eins t.d. verkfæra peninga út og svo leggja 80% á daglaun og svo leggja kostnaðarliði við aftur. Til þess að reikna það beint án tilfæringa var fundin ný tala. 78% í stað 80%

Í síðustu samningum náðum við inn þessari grein, en of margir hafa ekki vitað af tilvist hennar, þar sem hún hefur verið aukamálsgrein. Nú er hún sett sem sjálfstæð grein í samning og nær þar með inn í efnisyfirlit. Við vorum með kröfu um að sett yrði inn skilgreint lágmark sem endurgjald fyrir truflun. En við samningsgerðina risu allmiklar deilur um hvernig ætti að sanna að starfsmaður hefði tekið símtal vegna þjónustu og hvort það væri hlutverk viðkomandi starfsmanns að svara símtalinu.

Nokkur fyrirtæki hafa fundið upp á því snjallræði að setja menn á bakvaktir í eina klst. á kvöldi og eina til tvær klst. á frídögum og þar með tryggt að starfsmaður væri heima hjá sér. Undanfarna samninga hefur verið reynt að fá þetta leiðrétt en ekki tekist. En það tókst nú.

Með breyttum útgerðarháttum og styttingu á viðveru skipa í höfnum hefur það vandamál risið að rafiðnaðarmenn hafa ítrekað lent í því að þurfa að fara með skipum út til þess að sinna viðhaldi á tækjum og búnaði. Þá hafa risið upp deilur um laun í þessari fjarveru frá heimili. Í hinum nýja samning er einnig tekið á því að skylt sé að bæta frídaga sem fara í ferðir vegna vinnu.

Svæðið sem veikindaréttur gildir er víkkað til Norður Ameríku.

Rafiðnaðarmenn hafa oft í undanförunum samningnum vakið máls á því að hafa þyrfti þann möguleika opinn að ef vilji væri til þess að færa til frídaga sem lenda í miðri viku að helgum eins og búíð er að gera víða erlendis. Þetta hefur ekki fengið undirtektir fyrr en nú.

Í samningnum er sett inn skýrara orðalag vegna veikindaréttar vegna slysa. Með aukinni samkeppni tryggingarfélaganna hefur sú staða skapast að hægt er fá meiri tryggingarvernd fyrir sama iðgjald. Við settum fram kröfur um að við fengjum að njóta þess. Einnig er rétt að taka

Það fram að samfara þessu er verið að kanna hvort RSÍ framlengi skyldutryggingar íkjarasamningum þannig að þær nái einnig til alls frítíma félagsmanna.

Fæðingarorlof, mæðraskoðun. Þessi réttur hefur verið að breytast og hér verið að taka það inn í samninginn

Undanfarið hafa verið umræður um að menn hafi oft bjargað mannlífum með réttu inn gripi í neyð. Td vegna nýrra tækja við hjartaáföll. Sett var inn í samning ákvæði um að starfsmenn ættu rétt á að sækja þannig námskeið.

Sett er í samninginn skýrara orðalag um starfsmann í hlutastörfum.

Orðlag um námskeiðsókn trúnaðarmanna er breytt í að þeir megi nýta einni viku af vinnutíma í námskeið

Samningsforsendur kveða á um að endurskoða eigi launahækkanir með tilliti til launa- og verðbólguþróunar fyrir 15. nóv. ár hvert á samningstímanum.

Nýr kjarasamningur verður gefinn út í vor.

Sett voru inn ákvæði um lágmarkskjör við virkjanaframkvæmdir.

Nýmæli um fjölskyldustefnu. Í samningnum er það nýmæli að sérstök bókun er um fjölskyldustefnu fyrirtækja í rafiðnaði og starfsmanna þeirra, með það markmið að samræma sem best vinnu og einkalíf. Þar kemur ma fram að fjölskyldustefna byggist á sveigjanleika. Í góðu starfsumhverfi er sveigjanleiki stefna sem auki starfánægju, framleiðni og tryggt við vinnustað.

Starfsréttindi í störfum löggiltra rafiðnaðargreina. Samkomulag er í gildi milli RSÍ og SART að ef fyrirtækin ráði starfsmenn án sveinsprófs til starfa sem falla undir löggilt starfssvið, þurfi viðkomandi að hafa lokið grunndeild og starfi undir stjórn sveina sem nemi í starfsþjálfun.

Samkeppnishamlandi ákvæði. Fyrirtæka hafa í vaxandi mæli sett ákvæði í ráðningarsamninga um að starfsmaður geti ekki ráðið sig til samkeppnisaðila í einhvern tiltekinn tíma. Í samningalögum og samkeppnislögum eru skýr ákvæði um óheimilt er að setja svona skerðingu í kjarasamninga ef um er að ræða víðtæk eða almenn ákvæði sem takmarka atvinnufrelsi. Ef hömlur eru settar um ráðningu hjá samkeppnisfyrirtæki í ráðningarsamning þarf að tilgreina með skilmerkilegum hætti mjög sérhæft starfssvið. Þar sem um er að ræða dýra og sérhæfða þjálfun sem fyrirtæki greiðir, eða þá um atvinnuleyndarmál er að ræða.

Dómur hefur fallið gagnvart rafiðnaðamanni um að févítí verði ekki hærra en sannanleg launahækkun sem starfsmaður þiggur fyrir að undirrita samkeppnishamlandi ákvæði í ráðningarsamning.

Almenni samningur RSÍ samþykktur með afgerandi hætti.

Við afgreiðslu samningsins var félagsmönnum boðið upp á val á milli að kjósa rafrænt í gegnum heimasíðuna eða með hefðbundinni póstatkvæðagreiðslu. Samningurinn var kynntur fundum um land allt. Þ. 28. apríl lauk kosningu og samning RSÍ og SA/SART. Já sögðu 77.6%, nei sögðu 20.5% auðir og ógildir voru 1.9%. Þátttaka var 22%. 60% kusu rafrænt.

Virkjanasamningurinn. Þann 21. apríl RSÍ, Starfgreinasambandið og Samiðn nýjan Virkjanasamning við Landsvirkjun og SA. RSÍ gekk frá lágmarkslaunum rafiðnaðarmanna við Virkjanaframkvæmdir um leið og gengið var frá öðrum lágmarkslaunum rafiðnaðarmanna í Almenna samningnum. Í hinum nýja Virkjanasamning eru nýir lágmarkslaunaflokkar, nýjar skilgreiningar á flokkum fyrir bílstjóra og vinnuvélamenn og lágmarkslaunum lyft töluvert.

Mörg atriði eru gerð mun skýrari en áður vegna margskonar deilna á virkjanasvæðum undanfarið eins og lesendur heimasíðunnar hafa séð. Samningurinn verður þýddur á fjölmörg tungumál og að því loknu verða haldnir fundir og hann kynntur rækilega fyrir starfsmönnum á Kárahnjúkasvæðinu.

Samningur við Félag stórkaupmanna.

Þ. 28. apríl var undirritaður nýr samningur milli RSÍ og FÍS. Helstu atriði eru að lágmarkslaun hækka umtalsvert og eru þau sömu og í almenna samning RSÍ. Samið er nú um Desemberuppbót að upphæð 60 þús. kr. og hún hækkar í 65 þús. árið 2006. Desember- og orlofsuppbætur voru innifaldar í launatöxtum. Laun hækka amk um 2.8% árlega. Lífeyrisframlag fyrirtækis hækkar í 7% 2005 og 8% 2007. Slysátryggingar verða endurskoðaðar og hækka amk um 20%. Í samningnum er ákvæði fjölskyldustefnu fyrirtækja innan FÍS. Auk þess eru nokkur atriði um almenn atriði í samningnum. Samningurinn verður kynntur og borinn upp á félagsfundi í næstu viku. Einnig verður félagsmönnum gefinn kostur á að kjósa um samninginn rafrænt.

Orkuveitusamningurinn

Aðfaranótt 29 apríl var undirritaður nýr kjarasamningur Orkuveitunnar og RSÍ. Samningurinn gildir til 29. feb. 2008. Launahækkanir eru svipaðar og í öðrum samningum sem undirritaðir hafa verið undanfarið. Launakerfi verða endurskoðuð frá grunni og á þeirri vinnu að vera lokið innan eins árs og tekur hluti þeirra breytinga gildi strax. Lágmarkslaun verða færð til samræmis við almenna samning RSÍ á samningstímanum. Greidd verður kr. 10 þús. kr. aukaorlofsuppbót 1. júní 2004. Um næstu áramót tekur gildi hluti launakerfisbreytinga. Desemberuppbót verður sérstaklega hækkuð um 21% og verður kr. 46.600 árið 2004. Greiðslur í lífeyrissjóð hækka jafnmikið og í öðrum samningum, í samningnum er ákvæði um endurskoðun lífeyrisréttinda verði samið um þau með öðrum hætti í viðmiðunarhópum. Tekið er á ýmsum atriðum eins og slysátryggingum og gildir slysátrygging einnig í frítíma. Einnig er tekið á truflunum í frítíma, bakvöktum og bakvaktarfríum. Samningurinn verður kynntur í næstu viku og félagsmenn geta greitt atkvæði í gegnum póst eða rafrænt og eiga atkvæði að hafa borist fyrir hádegi föstudaginn 7. maí. Tæplega 100 rafiðnaðarmenn starfa á þessum samning.

Reykjavíkurborgarsamningurinn

Á þessum samning eru sárafáir félagsmenn, eftir að Orkuveitan var dreginn út úr þessum samning. Viðræður hafa ekki farið fram.

Ríkissamningurinn

Viðræður eru komnar í gang eftir nokkurt hlé. Samninganefnd fjármálaráðuneytisins tilkynnti að viðræður myndu ekki hefjast að marki fyrir en búið er að ganga frá samningum á almennum markaði. Aðilar hafa kynnt þá samninga sem þeir hafa gert og munu nota næstu daga til þess að kynna sem kostnaðarauka. RSÍ hefur tilkynnt að þeir geri kröfur um samskonar lágmark og eru í almenna samningnum, en þau eru umtalsvert hærri en í ríkissamningnum. Viðræður munu að öllum líkindum fara á fullt fyrstu viku í maí. Á þessum samning starfa um 100 rafiðnaðarmenn, flestir eru hjá RÚV og Landspítalanum.

Tryggingarmál

Frítímatrygging ásamt öðrum tryggingum hafa verið samningamönnum RSÍ löngum hugleikin. Er það byggt á því að hin rafiðnaðarsamböndin á norðurlöndum hafa náð mjög langt í því að kaupa sameiginlegar tryggingar fyrir félagsmenn sína. Greinilegt er að íslenski tryggingarmarkaðurinn er að breytast frá því sem áður var. Þegar leitað var til tryggingarféлага hér á árum áður komu alltaf samhljóða tilboð frá öllum tryggingarfélagunum sem hljóðaði upp upp 5% afslátt frá gjaldskrá. Nú hafa verið að berast tilboð sem eru í tryggingar félagsmanna sem eru sambærileg við það sem við höfum séð frá félögum okkar á norðurlöndunum.

Orlofshúsin

Það er hefur ætíð verið svo að rafiðnaðarmenn hafa nýtt mjög vel orlofsaðstöður sínar, það hefur verið langt umfram það sem önnur stéttarfélög þekkja. Enda hafa rafiðnaðarmenn byggt upp öflugasta orlofskerfi stéttarfélaga. Þau hús sem eru með heita potta eru leigð út um nær hverja einustu helgi allt árið um kring. Heildareiningafjöldi í útleigu er um 1200 á ári. Nokkrar kvartanir berast vegna umgegni og aðbúnað, alvarleg tilvik eru um 4 – 8 á ári sem verður að teljast viðunandi. En þó er ljóst að umgegni þá helst þrifum á húsunum hefur hrakað. Starfsmenn fara ekki reglulega í húsin þannig að það geta verið tímabil með nokkrum útleigum án þess að húsin séu skoðuð. Það hefur stundum verið rætt að farið verði í húsin eftir hverja útleigu og þrifið ef þörf er á. Í því sambandi er rétt að geta þess að það myndi kosta að hækka þyrfti útleigu um allt að helming.

Félagsmenn geta sótt um orlofshús á heimasíðunni fyrir sumartímamann og séð punktastöðu sína. Þar eru reglulega birtar upplýsingar um lausar helgar. Þetta hefur reynst vinsælt og er mikið notað. Það hefur færst nokkuð í vöxt að hjón eru bæði félagsmenn í RSÍ. Fram hafa komið óskir um að þau geti samnýtt punktastöðu sína í umsóknum. Orlofsnefnd hefur farið yfir þessar óskir og leggur til eftirfarandi breytingar á úthlutunarkerfi orlofshúsa. Hjón/sambýlisfólk með sama heimilisfang er heimilt að fá lagða saman punktaeign sína þegar sumarúthlutun fer fram. Þau verða að óska eftir þessu á úthlutunareyðublaði, og báðar kennitölur þurfa að koma fram. Ef viðkomandi aðilar fá úthlutað, þá er frádráttur framkvæmdur hjá þeim félagsmanni sem fleiri punkta hefur. Samþykkt þessi miðar við að breytingar sem gera þarf á tölvukerfi orlofssjóðs séu framkvæmanlegar.

15 af orlofshúsunum hafa heita potta, þessi hús eru nýtt allar helgar ársins og margir sem fá synjun. Sama má segja um íbúðirnar 7 á Akureyri og í Reykjavík. Leiga orlofshúsa í Vestmannaeyjum hefur reynst vel og sá samningur framlengdur. Einnig höfum undanfarin 3 sumur skipt á öðru húsi okkar í Lóninu á húsi við Illugastaði við Einingu á Akureyri, áframhald verður á því. Fellihýsin í Básum Þórsmörk hafa verið vinsæl. Við höfum öll sumrin lent í vandræðum vegna þess að það hefur ætíð einu sinni til tvisvar í ágúst á hverju sumri sem skellur á ofsarok og þá hafa risið upp vandræði vegna vængjanna á fellihýsunum. Nú er verið að kanna hvort við eigum að skipta þessum húsum yfir í svokallaða A-vagna. Þeir eru ekki með vængi og eru auk þess með harðar hliðar. Um 30 sek. tekur að tjalda þeim, ekki þarf að draga út vængi og reisa þau tjöld, reisa upp eldhúsinnréttingu og setja saman setustofu. Við höfum reynt að fjölga útleigustöðum tjaldvagna en það hefur ekki reynst vel. Við munum eftir sem áður bjóða út vagna á Akureyri og í Reykjavík. Tjaldvagnaútgærðin er rekin í samvinnu við Matvís.

Nýju íbúðirnar á Spáni hafa reynst mjög vinsælar. Til útleigu á Spáni voru 22 einingar í sumar og fóru þær allar. Í haust nýttu félagsmenn bæði húsin að fram að jólum og svo um páskana. Annað húsið hefur verið í leigu eftir það. Öll húsin hér heima sem voru opin fóru út um páskana og margir fengu synjun. Við erum með 468 einingar í orlofshúsum hér heima í sumarútleigu og svo íbúðirnar í Reykjavík sem eru leigðar á sólarhringsbasis allt árið. Við erum með 117 einingar í sumarútleigu á tjaldvögnum og svo 26 einingar í fellihýsum eða samtals 611 einingar. Ástæða er að geta þess að það hefur ætíð verið svo að lítið er sótt um tjaldvagnana og fellihýsin í umsóknarferlinu, en þessar einingar hafa undatekningalítið farið allar út yfir sumarið í gegnum símhringingar inn á skrifstofu. Í vetur var báðum húsunum á Spáni úthlutað og fóru allar vikurnar. Í fyrri sumarúthlutun bárust 535 umsóknir. 378 fengu það sem þeir sóttu um. 156 fengu synjun. Þeir sem fengu úthlutað verða að senda inn staðfestingar fyrir 30 apríl, ef þær berast ekki fara þær vikur ásamt því sem ekki var úthlutað í seinni úthlutun.

Breytingar á umsóknum

Það er ljóst að það eru að verða breytingar á nýtingu orlofskerfisins. Umsóknum er að fækka. Þær bera þess greinileg merki að skólaárið er að lengjast og umsóknir í húsin er dræmari í byrjun júní og lok ágúst. Við vitum þó af fenginni reynslu að allar vikurnar munu fara í seinni úthlutun. En það eru nokkur atriði sem vert er að skoða auk lengingu skólaársins, orlofshúsum í einkaeygn hefur fjölgað gífurlega á undanförunum árum. Orlofshúsum hjá bændum hefur fjölgað verulega og gæði þeirra

batnað mikið. Sprenging hefur verið í innflutningi á fellihýsum og húsbílum. Síðast en ekki síst hafa flugfargjöld snarlækkað og það er hægt að leigja hús um alla Evrópu í gegnum netið á góðu verði. Í sjálfu sér eru það hin sameiginlegu orlofssvæði verkalýðsfélaganna sem er ákveðið vandamál, húsin sem við eigum og rekum utan svæðanna standa vel fyrir sínu. Það er nánast útilokað að komast út úr orlofssvæðunum. RSÍ hefur nokkrum sinnum lagt til að þessum svæðum verði breytt í hlutafélög og rekstrinum breytt.

Orlofssvæðið við Apavatn

Skógarnes við Apavatn er 22 hektara orlofssvæði í eigu RSÍ. Á svæðinu eru 4 orlofshús í hverju þeirra eru tvo svefnherbergi og svefnaðstaða fyrir 6 manns. Einnig er eitt 270 ferm. hús. Þar eru 4 rúmgóð svefnherbergi með 5 rúmstæðum í hverju, auk þess er smábúð með hjónarúmi. Mjög rúmgóð salernisaðstaða og sturtur eru í húsinu. Rúmgóður salur, með stórum arin og vel búið eldhús. Í vetur var lokið við endurnýjun hússins að innan og var salurinn stækkaður og sett þar upp nýtt og glæsilegt eldhús. Þar sem eldhúsið var áður er búið að setja tvö rúmgóð svefnherbergi. Heitir pottar eru við öll húsin á orlofssvæðinu. Öll húsin eru mjög vel nýtt, og fellur vart úr helgi allt árið. Stóra húsið er mjög eftirsótt. Á síðasta ári voru um 1600 gestir í húsunum að Apavatni og um 4500 gestir á tjaldsvæðinu. Skammt frá í Brekkuskóg á RSÍ 4 orlofshús 55 - 60 ferm. stór, hvert með 3 svefnherbergjum og 10 rúmstæðum. Lauslega áætlað dvöldu liðlega 7.000 gestir okkar á þessu væði á síðasta ári.

Orlofssvæðið að Apavatni hefur reynst gífurlega vinsælt meðal félagsmanna. Nýting tjaldsvæðisins hefur margfaldast og hafa félagsmenn lokið upp einum munnnum um að það sé glæsilegt. Með tilkomu tjaldsvæðis var ráðinn sumarstarfsmaður til þess að sjá um svæðið á Apavatni. Á tjaldsvæðinu eru góð snyrtiaðstaða og leiktæki. Síðasta sumar var byggt yfir grill- og uppþvottaðastöðu. Búið er að rafvæða tjaldsvæðið, enda eru flestir komnir með fellihýsi og búnað sem krefst raftenginga.

Tjaldgestir geta farið í vatnið til veiða, þúttvöllur er á svæðinu og stutt í golfvöll Dalbúa sem RSÍ er aðili að. Greiðslur tjaldbúa sumarið 2003 námu 631.300 kr. Heildargestafjöldi var um 4.500. Þar er meðtaldir gestir á fjölskylduhátíð RSÍ sem er gjaldfrí. Yfirgnæfandi hluti þeirra eru félagsmenn og fjölskyldur þeirra. Enda hefur tjaldsvæðið viljandi ekki verið auglýst opinberlega. Þetta er tvöföldun frá því í fyrra og þá var tvöföldun frá árinu áður. Á 400 hundrað manns voru á tjaldstæðinu um Verzlunarmannahelgina. Veðrið var eins og það getur orðið best, 25 stiga hiti, logn og glampanði sól alla helgina. Á svæðinu voru eingöngu fjölskyldur og engin vandræði voru þrátt fyrir hinn mikla fjölda. Fólk undi sér við margskonar leiki og nýttu leiktækin vel, fótboltavellir voru í fullri notkun, sama gildir um þúttvöllinn. Margir voru að sula í vatninu til þess að kæla sig, og nokkrir settu í fiska.

Í haust var bætt tjaldstæðum við með því að ryðja í skóginum nýjum rjóðrum sem rúma um 8 tjaldvagna. Í vor verður sett upp nýtt tún í Austurmóanum fyrir tjaldsvæði með gróðursetningu trjáa í vor. Þarna eru tré, gott skjól og stutt í snyrtihúsið. Einnig hefur verið lagður göngustígur með vatninu. Þannig að nú er kominn um 3 km langur hringur á svæðinu. Í vor verður byggður stór pallur við stóra húsið og búið er að kaupa tjald sem er 8 x 12 m og verður það sett upp á pallinum. Við höfum hingað til leigt tjald vegna fjölskylduhátíðarinnar en þessi fjárfesting mun borga sig upp á tveimur árum.

Heitir pottar í Lónið.

Í framkvæmdáætlun orlofsnefndar sem hefur verið staðfest af miðstjórn er gert ráð fyrir að byggðir verði heitir pottar við húsin í Lóninu á þessu ári. Þetta er nokkur framkvæmd þar sem við þurfum ma í samvinnu við hin stéttarfélögin sem eru á svæðinu að setja upp stóra vatnstanka. Vitað er að einhver þeirra munu fara í sömu framkvæmd umleið og við. Pottarnir verða rafkyntir. Með þessu gerum við ráð fyrir að nýting húsa aukist umtalsvert. Göng undir Almannaskarð gerir það að verkum að auðvelt verður fyrir félagsmenn okkar að nýta húsin allt árið. Einnig hafa sumargestir kvartað undan því að skortur sé á afþreyingu.

Úthlutanir

	fjöldi húsa					Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði	2002	Meðaltal 1995-2002
		Heildar- tekjur 2003	Heildar- gjöld 2003	Tekjur pr.hús 2003	Gjöld pr.hús 2003	2003		
Reykjavík	4	2.018.500	1.990.481	504.625	497.620	101,4%	96,2%	106,1%
Skorradalur	2	513.500	742.727	256.750	371.364	69,1%	66,2%	60,8%
Svignaskarð	2	899.700	1.974.626	449.850	987.313	45,6%	49,6%	61,8%
Vatnsfjörður	1	141.900	472.236	141.900	472.236	30,0%	28,7%	25,4%
Varmahlíð	1	541.500	403.780	541.500	403.780	134,1%	145,0%	67,8%
Akureyri	3	1.547.300	1.318.617	515.767	439.539	117,3%	105,2%	98,3%
Vaglaskógur	1	162.000	357.511	162.000	357.511	45,3%	60,3%	44,8%
Einarsstaðir	3	519.800	1.097.720	173.267	365.907	47,4%	31,2%	62,9%
Klifabotn	2	305.000	503.968	152.500	251.984	60,5%	33,8%	80,9%
Klaustur	2	435.900	680.093	217.950	340.047	64,1%	107,6%	173,2%
Klaustur lítil - hús	3	326.000	417.043	108.667	139.014	78,2%	103,4%	46,3%
Brekkuskógur	4	1.809.900	3.373.639	452.475	843.410	53,6%	90,3%	79,7%
Apavatn	5	1.692.600	4.518.530	338.520	903.706	37,5%	64,2%	61,9%
Apavatn aðalh.	1	1.030.000	1.226.699	1.030.000	1.226.699	84,0%	76,0%	162,2%
Vestmannaeyjar	1	255.000	1.017.823	255.000	1.017.823	25,1%	17,8%	31,4%
Hraunborgir	1	388.100	656.736	388.100	656.736	59,1%	91,0%	86,9%
Snæfoksstaðir	1	444.000	729.176	444.000	729.176	60,9%	117,3%	100,6%
Ölfusborgir	3	1.264.300	2.285.163	421.433	761.721	55,3%	68,8%	39,6%
Tjaldvagn/fellihýsi	11	804.900	932.551	73.173	84.777	86,3%	57,7%	55,3%
Spánn	2	1.186.500	728.624	593.250	364.312	162,8%	105,3%	105,3%
Meðaltal	53	16.286.400	25.427.743	307.291	479.769	64,0%	72,0%	63,2%

Samstarf við Félag bókgærdarmanna um golfvöll Dalbúa

Uppbygging golfvallar í Miðdal hófst sumarið 1994 með því að Golfklúbbur Dalbúa leigði túnin í Miðdal undir golfvöll. Í Dalbúa eru einstaklingar sem eiga orlofshús við Laugarvatn. Miðdalur er jörð í eigu Félags bókgærdarmanna (FBM) sem er innan við Laugarvatn. Undanfarin sumur hefur RSÍ verið aðili að rekstri golfvallarins og hafa félagsmenn fengið umtalsverðan afslátt.

Styrktarsjóðurinn og Lífið

Styrktarsjóður rafiðnaðaramanna

Styrkir	1999	2000	2001	2002	2003
Sjúkrabætur	24.337.125	36.949.190	30.367.643	43.542.730	44.552.481
Dánarbætur og jarðarfarir	4.616.140	4.106.000	7.285.350	4.951.600	4.193.482
Sjúkran. og sjúkraþjálfun	1.869.480	2.200.246	2.487.414	2.159.100	2.493.000
Sjúkrahúsaðgerðir	429.801	451.759	2.030.807	1.534.670	2.283.037
Ferðastyrkir	445.406	628.521	1.280.342	929.369	504.000
Líkamsr. Og forvarnarstarf	2.295.908	3.936.545	6.026.296	6.554.225	6.851.890
Aðrir styrkir	4.369.752	4.142.092	1.274.000	2.515.503	5.545.096
Samtals	38.363.612	52.414.353	50.751.852	62.187.197	66.422.986

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekktist í íslenski verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranudds og sjúkraþjálfunar.

Lífeyrissjóðurinn Lífiðn

	1999	2000	2001	2002	2003
Ellilífeyrir	57.884.963	73.455.753	90.378.008	109.818.974	138.362.580
Örorkulífeyrir	40.869.245	44.983.377	53.876.987	64.956.599	90.520.148
Makalífeyrir	23.402.634	26.345.259	29.890.886	34.233.919	38.875.235
Barnalífeyrir	3.829.328	3.945.184	3.744.140	4.799.869	5.475.066
Samtals:	125.986.170	148.729.573	177.890.021	213.809.361	273.233.029
Hr. eign til gr. lífeyris	14.396.324.404	16.277.232.524	18.151.494.342	19.018.917.261	22.826.729.365
Sjóðfélagalán	1.468.522.398	2.000.218.331	2.796.315.227	3.311.820.494	3.721.243.344
Innkomin iðgjöld	951.172.155	1.214.937.437	1.480.556.250	1.482.057.573	1.616.903.769

Lífiðn er tíundi stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir hans eru tæpir 23 milljarðar, og jukust þær um 20% á síðasta ári. Á árinu greiddu 5.237 einstaklingar til sjóðsins örlítið færri en frá árinu áður. Iðgjaldatekjur jukust um 9% og námu 1.617 milljónum í árslok. Samtals eiga 12.030 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. Á liðnu ári greiddu 1.302 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun er 4,4%. Ávöxtun sjóðsins á árinu 2003 var jákvæð um 9,9% eftir tvö neikvæð ár í ávöxtun. Erlendir jafnt sem innlendir verðbréfamarkaðir voru hagstæðir árinu eftir þrjú verstu ár á fjármálamörkuðum í heiminum frá því í kreppunni miklu. Styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum dró eitthvað úr betri afkomu erlendra verðbréfa á árinu.

Hlutverk Lífiðnar er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna, í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum sínum eftirlauna- og örorkulífeyrir og mökum látinna sjóðfélaga fjölskyldulífeyrir. Samtrygging sjóðfélaga um örorku- og fjölskyldulífeyrir tryggir sjóðfélögum og mökum þeirra lífeyrir við óvænt áföll. Stefna Lífiðnar er að auka þjónustu á sviði heilsu og líftrygginga og fyrsta skrefið í því var að stofna okkar eigin séreignarsjóð sem býður upp á séreignarsparnað með 10 valleiðum og ættu allir að geta fundið sparnaðarleið sem hentar þeim hjá okkur. Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöld til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri sjóðsins aðrir en sjóðfélagar.

Starfsmenn Lífiðnar eru 8 og meðalstöðugildi 8. Miklar breytingar eru í rekstri lífeyrissjóða. Öflugra eftirlit er komið á til að fylgjast með því að allir greiði í lífeyrissjóð, þessu eftirliti er fylgt eftir af skattayfirvöldum. Með nýjum kjarasamningum hefur sveigjanleiki aukist til greiðslu í séreignarsjóði og hafa margir nýtt sér það hjá Lífiðn en betur má ef duga skal. Stjórn sjóðsins er skipuð eftirfarandi mönnum. Tryggvi Guðmundsson, formaður, Arnbjörn Óskarsson og Sveinn Jónsson fyrir atvinnurekendur og Þórir Hermannsson, Níels S. Olgeirsson og Haraldur Jónsson fyrir launamenn. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Friðjón Rúnar Sigurðsson.

Tryggingarstaðan

Tryggingastaða lífeyrissjóða segir til um hversu vel sjóðirnir eru í stakk búnir til að standa við skuldbindingar sínar og er tryggingarstaða Lífiðnar afar traust. Samkvæmt tryggingarfræðilegri úttekt eru eignir Lífiðnar 6,4% meiri en heildarskuldbindingar og er það með því betra sem sést hjá lífeyrissjóðum almennt. Eignasamsetning Lífiðnar hefur ásamt breytingu í aldurstengt réttindakerfi valdið því að sjóðurinn er með mjög trausta stöðu þrátt fyrir nokkur erfið ávöxtunarár.

Niðurstaða úttektarinnar staðfestir það að tryggingarstaða Lífiðnar í dag er mjög sterk. Lífiðn er einn af fáum sjóðum landsins sem er með heildareignir umfram heildarskuldbindingar og nemur umframeignin 2,8 milljarði króna eða 6,4% yfir skuldbindingum.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

	Afallin- skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign	22.445		122.445
Fjárfestingargjöld	-878		-878
Núvirði verðbréfa	3.115		3.115
Núvirði framtíðariðgjalda		22.455	22.455
Eignir samtals	24.682	22.455	47.137
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	16.516	15.904	32.420
Örorkulífeyrir	2.332	2.450	4.782
Makalífeyrir	3.094	2.655	5.749
Barnalífeyrir	40	373	413
Rekstrarkostnaður	315	626	941
Skuldbindingar samtals	22.297	22.008	44.305
Eignir umfr. skuldb.	2.385	447	2.832
Í hlutfalli af skuldbindingum	10,7%	2,0%	6,4%

Niðurlag

Í skýrslu um starfsemina er að sjálfsögðu ekki hægt að gera grein fyrir öllum málefnum sem unnið er að, heldur eru aðeins nefnd helstu verkefnin. Skýrslan ber merki þess að RSÍ er öflugt landsamband sem er skipulagt þannig að kjarasamningar, styrktarsjóður, orlofshús og starfsmenntakerfi er rekið með sameiginlegum hætti. Það hefur reynst okkur rafiðnaðarmönnum ákaflega vel, við höfum komið mörgu í verk sem hefur reynst öðrum stéttarfélagum um megn. Nauðsynlegt er að birta ítarlegar skýrslur svo þeir félagsmenn sem ekki komast til aðalfundar, eigi þó kost á því að kynna sér til nokkurrar hlítar starfsemina. Á tímum tölvupósts hefur geymsla upplýsinga á pappír snarminnkað. Hætt er við að það geti vafist fyrir sagnfræðingum framtíðarinnar að lesa úr fortíðinni, þ.e. þeim tímum sem við lifum á núna. Ítarlegar skýrslur eru m.a. hugsaðar sem geymsla á sögu RSÍ til framtíðar.

Guðmundur Gunnarsson, apríl 2004.

Látnir félagar frá 15. þingi RSÍ 2003

Jón Finnur Jóhannesson f.d. 24/9 1951 dáinn 28/5 2003

Halldór Gunnar Jónsson f.d. 9/12 1932 dáinn 29/5 2003

Birgir Antonsson f.d. 9/11 1940 dáinn 2/6 2003

Hjálmar Steinþór Björnsson f.d. 14/10 1959 dáinn 21/6 2003

Skúli Júlíusson f.d. 4/5 1925 dáinn 23/8 2003

Ragnar Már Hansson f.d. 18/7 1931 dáinn 18/10 2003

Ingólfur Arnarson Stangeland f.d. 18/5 1922 dáinn 3/11 2003

Siguroddur Magnússon f.d. 27/8 1918 dáinn 29/10 2003

Júlíus Jósep Steingrímsson f.d. 29/10 1910 dáinn 8/11 2003

Sveinn Björnsson f.d. 24/5 1936 dáinn 8/1 2004

Friðrik Björnsson f.d. 2/3 1927 dáinn 17/1 2004

Ólafur Jónsson f.d. 2/8 1916 dáinn 21/1 2004

Tómas Þ. Guðmundsson 9/6 1926 dáinn 21/1 2004

Jón Baldur Baldursson f.d. 27/11 1941 dáinn 29/1 2004

Einar Sverrisson f.d. ¼ 1914 dáinn 30/1 2004

Guðbjörn Friðriksson f.d. 4/4 1953 dáinn 5/2 2004

Gísli Magnús Guðmundsson f.d. 25/1 1926 dáinn 8/3 2004

Jóhann G. Sigurðsson f.d. 25/6 1958 dáinn 12/3 2004

Jón Gauti Birgisson f.d. 23/11 1959 dáinn 13/4 2004

Ástæða er að geta þess að þessi skrá byggist á skrá sjóðfélaga Lífiðnar.